



Persónuverndarstefna Langanesbyggðar

Sveitarfélagið Langanesbyggð (hér eftir „Langanesbyggð“ eða „sveitarfélagið“) leggur mikla áherslu á að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem sveitarfélagið og allar undirstofnanir þess vinna. Hefur sveitarfélagið sett sér eftirfarandi persónuverndarstefnu sem lýsir vinnslu sveitarfélagsins á persónuupplýsingum og leggur áherslu á mikilvægi þess að vinnsla persónuupplýsinga sé sanngjörn, gagnsæ og lögmæt. Langanesbyggð leggur mikla áherslu á að í störfum sveitarfélagsins séu í hvívetna uppfyllt skilyrði þeirrar persónuverndarlöggjafar sem í gildi er hverju sinni, en stefna þessi er byggð á núgildandi lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („persónuverndarlög“).

1. Persónuupplýsingar

Persónuupplýsingar eru upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Þannig teljast hvers kyns upplýsingar sem hægt er að tengja við einstakling persónuupplýsingar, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings eins og t.a.m. nafn, kennitala, ljósmynd. Upplýsingar sem eru ópersónugreinanlegar teljast ekki persónuupplýsingar.

Sveitarfélagið vinnur í ákveðnum tilvikum með viðkvæmar persónuupplýsingar, t.a.m. í tengslum við félagsþjónustu, í barnaverndarstarfi, í skólastarfi vegna starfsmannamála. Til viðkvæmra persónuupplýsinga teljast t.a.m. upplýsingar um heilsufar, þjóðernislegan uppruna, stjórnálaskoðanir, trúarbrögð og aðild að stéttarfélagi. Við vinnslu þess háttar upplýsingar ber að gæta fyllstu varkárni.

2. Vinnsla persónuupplýsinga

Í vinnslu persónuupplýsinga getur m.a. falist söfnun, skráning, varðveisla, miðlun eða eyðing á upplýsingum. Sveitarfélagið vinnur persónuupplýsingar sem talist geta nægilegar, viðeigandi og nauðsynlegar miðað við tilgang vinnslunnar hverju sinni.

3. Um hverja safnar sveitarfélagið persónuupplýsingum?

Óhjákvæmilega safnast ýmsar persónuupplýsingar um mismunandi hópa einstaklinga saman við rekstur á sveitarfélagi. Er vinnsla slíkra upplýsinga oft á tíðum nauðsynleg sveitarfélaginu til þess að það geti veitt lögbundna þjónustu. Þannig safnar sveitarfélagið og vinnur t.a.m. með persónuupplýsingar um:

- a) íbúa og aðra skjólstaðinga sveitarfélagsins,
- b) starfsfólk sveitarfélagsins,
- c) einstaklinga sem eru í samskiptum við sveitarfélagið og
- d) tengiliði viðskiptamanna, birgja, verktaða, ráðgjafa, stofnana og annarra lögaðila sem sveitarfélagið er í samningssambandi við.

4. Persónuupplýsingar sem sveitarfélagið safnar

Sveitarfélagið safnar og varðveitir ýmsar persónuupplýsingar um framangreinda flokka einstaklinga. Gætt er að því að eingöngu sé um að ræða upplýsingar sem eru nauðsynlegar og



viðeigandi með hliðsjón af tilgangi vinnslunnar hverju sinni. Þannig er ólíkum persónuupplýsingum safnað um ólíka flokka einstaklinga og fer vinnsla og söfnun á persónuupplýsingum eftir eðli sambandsins sem er á milli sveitarfélagsins og viðkomandi einstaklings. Þannig er umfangsmeiri upplýsingum t.a.m. safnað um íbúa sveitarfélagsins og starfsmenn heldur en aðra.

Undir ákveðnum kringumstæðum safnar sveitarfélagið viðkvæmum persónuupplýsingum, s.s. um heilsufar, trúarbrögð, aðild að stéttarfélagi og þjóðernislegan uppruna. Sérstök aðgát er höfð við vinnslu slíkra upplýsinga.

Sveitarfélagið aflar að mestu persónuupplýsinga beint frá þeim einstaklingi sem upplýsingarnar varða. Við tilteknaðar aðstæður geta upplýsingarnar þó komið frá þriðja aðila eins og Þjóðskrá, heilbrigðisstofnun eða öðrum þriðja aðila. Þegar upplýsinga er aflað frá þriðja aðila mun sveitarfélagið leitast við að upplýsa um slíkt, eftir því sem við á.

5. Heimild fyrir vinnslu persónuupplýsinga

Til þess að vinnsla sveitarfélagsins á persónuupplýsingum teljist lögmæt þarf að minnsta kosti eitt eftirfarandi skilyrði persónuverndarlaganna að eiga við:

- a) að hinn skráði einstaklingur hafi gefið sveitarfélaginu samþykki fyrir vinnslu,
- b) vinnslan sé nauðsynleg vegna samningssambands sveitarfélagsins við tiltekinn aðila,
- c) vinnslan sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á sveitarfélaginu við starfsemi þess og rekstur,
- d) vinnslan sé nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða eða annars einstaklings,
- e) vinnslan sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds sem sveitarfélagið fer með eða
- f) vinnslan sé nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna sveitarfélagsins eða þriðja aðila.

Langanesbyggð safnar persónuupplýsingum fyrst og fremst til að geta uppfyllt skyldur sínar á grundvelli laga sem gilda um rekstur og þjónustu sveitarfélaga. Þá safnar sveitarfélagið einnig persónuupplýsingum vegna samningssambands sem sveitarfélagið er í, t.d. við starfsfólk eða verktaka, eða til að koma slíku samningssambandi á.

Þá byggir sveitarfélagið suma vinnslu jafnframt á samþykki hinna skráðu, s.s. vegna myndbirtingar í skólum og leikskólum, og á lögmætum hagsmunum sveitarfélagsins, s.s. vegna eftirlits í öryggis- og eignavörsluskyni. Sem opinber aðili getur vinnsla sveitarfélagsins jafnframt verið nauðsynleg við beitingu þess opinbera valds sem sveitarfélagið fer með.

6. Miðlun persónuupplýsinga til þriðja aðila

Sveitarfélagið kann að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila af mismunandi ástæðum.

Þannig getur þriðji aðili sem veitir sveitarfélaginu upplýsingatækniþjónustu haft aðgang að persónuupplýsingum. Þá kann sveitarfélaginu einnig að vera skylt samkvæmt lögum að afhenda þriðja aðila persónuupplýsingar. Jafnframt getur einstaklingur samþykkt að persónuupplýsingum um hann sé miðlað frá sveitarfélaginu til þriðja aðila.

Sveitarfélagið gerir kröfur til þriðja aðila sem hefur aðgang að persónuupplýsingum, um að fyllsta trúnaðar sé gætt. Jafnframt gerir sveitarfélagið þær kröfur að öryggi og vernd upplýsinganna séu tryggð í samræmi við reglur sveitarfélagsins og persónuverndarlög. Að öðrum kosti verður persónuupplýsingum ekki miðlað til þriðja aðila.



Sveitarfélagið mun ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema slíkt sé heimilt á grundvelli viðeigandi persónuverndarlöggjafar.

7. Öryggi

Sveitarfélagið leitast eftir fremsta megni að vernda persónuupplýsingar og að tryggt sé að þær séu unnar með þeim hætti að viðeigandi öryggi persónuupplýsinganna sé tryggt, þ.m.t. vernd gegn óleyfilegri eða ólögumætri vinnslu og gegn glötun, eyðileggingu eða tjóni fyrir slysi, með viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum.

Sveitarfélagið fræðir starfsmenn sína um mikilvægi þess að öryggis og trúnaðar sé gætt við vinnslu persónuupplýsinga.

8. Réttindi einstaklinga samkvæmt persónuverndarlögum

Einstaklingar hafa rétt til að vita hvaða persónuupplýsingar sveitarfélagið vinnur um þá og geta eftir atvikum óskað eftir afriti af upplýsingunum. Þá geta einstaklingar fengið rangar persónuupplýsingar um sig leiðréttar og í einstaka tilvikum persónuupplýsingum um sig eytt.

Jafnframt geta einstaklingar í ákveðnum tilvikum mótmælt vinnslu persónuupplýsinga og óskað eftir því að vinnsla þeirra verði takmörkuð. Óski einstaklingur eftir að flytja upplýsingar um sig til annars aðila, t.d. til annars sveitarfélags, getur viðkomandi einnig átt rétt á að fá persónuupplýsingar sínar afhentar til sín á tölvutæku formi eða að þær verði fluttar beint til viðkomandi þriðja aðila.

Sé vinnsla persónuupplýsinga byggð á samþykki er viðkomandi einstaklingi hvenær sem er heimilt að afturkalla samþykki sitt.

Framangreind réttindi eru ekki fortakslaus, enda kunna lög að skylda sveitarfélagið til að hafna óskum um eyðingu eða aðgang/afhendingu gagna auk þess sem sveitarfélaginu getur verið rétt að hafna slíkri beiðni þegar aðrir hagsmunir veга þyngra.

Sveitarfélagið virðir framangreind réttindi einstaklinga samkvæmt persónuverndarlögum. Leitast er við að bregðast við öllum beiðnum innan mánaðar frá viðtöku þeirra. Sé um að ræða umfangsmikla eða flókna beiðni mun sveitarfélagið upplýsa um slíkar tafir og leitast við að svara í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá viðtöku á beiðni.

9. Ábyrgð á grundvelli persónuverndarlaga

Ábyrgðaraðili er sá sem ákvarðar tilgang og aðferð við vinnslu persónuupplýsinga hverju sinni. Ábyrgð á þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram innan sveitarfélagsins er mismunandi eftir því hvort sveitarfélagið sjálft, einstök svið þess eða stofnanir á vegum þess ákveður tilgang og aðferð við vinnsluna. Þannig eru grunnskólar sveitarfélagsins t.a.m. ábyrgðaraðilar þeirra persónuupplýsinga sem þeir vinna.

10. Varðveisla og eyðing gagna

Þar sem sveitarfélagið er afhendingarskyldur aðili á grundvelli laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn er sveitarfélaginu óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir



gildissvið laganna, nema með heimild héraðsskjalavarðar. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem sveitarfélagið vinnur því afhentar Héraðsskjalasafni að þrjátíu árum liðnum.

11. Persónuverndarfulltrúi. Fyrirspurnir og kvörtun til Persónuverndar

Eftirlit með fylgni við persónuverndarstefnu þessa og gildandi persónuverndarlög er í umsjón persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins, Kolbrúnar Arnardóttur, lögmanns hjá Bonafide lögmönnum, Pósthússtræti 3, Reykjavík.

Persónuverndarfulltrúi sinnir jafnframt því hlutverki að fræða starfsmenn sveitarfélagsins um skyldur sínar samkvæmt persónuverndarlögum og leysa úr álitafnum á sviði persónuverndar.

Fyrirspurnum um persónuverndarstefnuna, vinnslu eða varðveislu sveitarfélagsins á persónuupplýsingum skal beina til persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins sem leitast við að svara og leiðbeina eftir því sem við á hverju sinni. Hægt er að hafa samband við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins með því að senda tölvupóst á netfangið kolbrun@bonafide.is.

Ef einstaklingur er ósáttur við vinnslu sveitarfélagsins á persónuupplýsingum hans getur hann jafnframt sent erindi til Persónuverndar (postur@personuvernd.is).

12. Endurskoðun

Persónuverndarstefna þessi getur tekið breytingum án fyrirvara, t.a.m. í samræmi við breytingar á lögum eða reglugerðum. Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið birt á heimasíðu Langanesbyggðar.

13. Gildistaka stefnu

Persónuverndarstefna þessi var samþykkt af sveitarstjórn Langanesbyggðar þann 19. ágúst 2021 og öðlast þegar gildi.

Langanesbyggð, 20. ágúst 2021

Jónas Egilsson,
sveitarstjóri